

Nd.

419. Frumvarp

til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna og fl.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Auk lögmaeltra launa og dýrtiðaruppbótar samkvæmt lögum nr. 59, 26. okt. 1917, veitist launaviðbót, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands, svo og hagstofustjórinn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður og þjóðmenjavörður, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári.

3. gr.

Dómstjóri í landsyfirrjetti fær 1200 króna launaviðbót á ári og meðdómendur sama rjettar 1000 kr. hvor.

4. gr.

Landlæknir, holdsveikralæknir og allir hjeraðslæknar landsins, aðrir en þeir, sem taldir eru í 5. grein, fá 500 króna launaviðbót hver um sig á ári.

5. gr.

Læknarnir í Keflavíkur-, Patreksfjarðar-, Blönduóss-, Seyðisfjarðar- og Reykjar-fjarðarhjeruðum fá þá launaviðbót, sem til vantar að laun þeirra nemi 2000 krónum á ári.

6. gr.

Allir fastir kennarar háskólans, (prófessorar og dósentar), að Einari prófessor Arnórssyni undanskildum, fá 500 kr. launaviðbót á ári hver um sig.

7. gr.

Skólastjórar við mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, kennaraskólann, stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann, og allir fastir kennarar og aukakennarar þessara skóla, svo og fræðslumálastjórinn, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári.

8. gr.

Vegamálastjóri og vitamálastjóri fá 500 kr. launaviðbót á ári hvor um sig.

9. gr.

Biskup landsins fær 500 kr. launaviðbót á ári.

10. gr.

Fangaverðinum við hegningarhúsið í Reykjavík veitist 400 kr. launaviðbót á ári.

11. gr.

Forsetum Alþingis heimilast að greiða þingmönnum 40 af hundraði af daglegri þóknun þeirra.

12. gr.

Landsstjórninni heimilast að verja allt að 8000 kr. á ári til úthlutunar meðal presta þeirra, er við erfiðust kjör eiga að búa sökum dýrtíðarinnar. Úthlutun þessa fjár skal gerð eftir tillögum biskups.

13. gr.

Af launaviðbót samkvæmt lögum þessum greiðist engin dýrtíðaruppbót.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu launabætur þær, sem þau ræðum, reiknast frá 1. júlí þ. á.